

Kennsluáætlun 2020 - 2021

Náttúrufræði 5. bekkur

Í náttúrufræði í 5. bekk eru 3 kennslustundir á viku. Kennari er Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen.

Vinnulag

Í kennslustundum í náttúrufræði er lögð áhersla á lestur í grunnbók ásamt verkefnavinnu, samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í náttúrufræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir, í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Lærum um alheiminn, sólkerfið, og jörðina, jarðsöguna, myndun og mótun Íslands, hafið, lofthjúpinn og veðrið.	Auðvitað Jörð í alheimi Lesbók og ýmis verkefni tekin af netinu	Nemandi getur - lesið, skrifað og sagt frá hugtökum í náttúruvísindum í máli og myndum - framkvæmt einfaldar athuganir á vísindalegan hátt - framkvæmt í hópi einfaldar athuganir og rætt niðurstöður þeirra - lesið texta um náttúruvísindi og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum	Öllum verkefnum safnað í möppu. Glæruverkefni Virkni nemenda Reikistjörnu verkefni (Vetrarbrautin)
Lærum um lífríkið við strendur Íslands og hvernig fjölbreytt lífríki hefur áhrif á búsetu og lífsskylirði.	Lífríkið í sjó.		

		• Útskýrt hvernig Ísland byggist upp landslag þess og jarðvegur breytist. • Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi. • Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu. • Þekki nöfnin á reikistjörnunum í sólkerfinu okkar. • Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða-og dægraskiptum og því að tíminn líður. • Gert sér grein fyrir að hægt er að nota gervihnatta og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð og völdum svæðum. • Gert sér grein fyrir hvernig auðlindir hafsins eru nýttar til manneldis eða sem dýrafóður. • Útskýrt lífsskylirði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu. • lýst ólíkum búsvæðum í nærumhverfinu og á Íslandi • útskýrt aðlögun lífvera að umhverfinu og hvernig hún gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér • sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi • greint frá ábyrgð sinni á verndun náttúrunnar og bent á leiðir til að bæta eigið umhverfi og náttúru	
--	--	---	--

		• gert grein fyrir hlutverki mannsins í náttúrunni og hvernig lífsafkoma hans byggist á verndun hennar • lýst einkennum lífvera í og við vatn og sjó og tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt	
--	--	---	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen